

Reglur á árinu 2017 um niðurfellingu fasteignagjalda. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

1. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Vesturbyggð. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2015, sbr. álagningu skattstjóra 2016 og tekur einungis til fasteignaskatts og fráveitugjalds.

2. Tekjuviðmiðun:

Einstaklingar			Hjón/sambýlingar		
tekjur	kr.	afsláttur	tekjur	kr.	afsláttur
Allt að	3.235.700	100%	Allt að	4.494.000	100%
Allt að	4.082.000	70%	Allt að	5.514.900	70%

Hærrí tekjur gefa engan afslátt. Afsláttur fá ellilífeyrisþegar fæddir 1949 og fyrr.

3. Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2016 og breytast fasteignagjöld ársins 2017 til samræmis við reglur í lið 2.
4. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2015 og 2016 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.
5. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki 95.000 kr.
6. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignagjalda hjá öryrkjum með 75% örorku eða meiri.
7. **Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds er 95.000 kr.**

Vesturbyggð, 1. febrúar 2017.
Bæjarstjórnin.